

Alþingi
Erindi nr. P 135/2950
komudagur 23.5. 2008

Innflytjendaráð
Félags- og tryggingamálaráðuneytið
Hafnarhúsi v/Tryggvagötu
150 Reykjavík

Alþingi
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. maí 2008
Tilv.: FEL08040130/0005


Vísað er til bréfs menntamálarnefndar Alþingis til innflytjendaráðs, dags. 23. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 545.mál, búsetuskilyrði, EES-ríkisborgarar.

Á fundi innflytjendaráðs, 8. maí sl., var fjallað um frumvarpið og beiðni menntamálanefndar um umsögn um það. Af því tilefni vill innflytjendaráð taka fram að hlutverk þess er að vera ríkisstjórn til ráðgjafar um málefni innflytjenda og beinir nefndin tillögum sínum og athugasemdum þar að lútandi til viðkomandi stjórnvalda. Innflytjendaráð telur það því almennt ekki falla að hlutverki sínu að veita nefndum Alþingis umsagnir um framkomin frumvörp.

Innflytjendaráð vill þrátt fyrir framansagt gjarnan fylgjast með þeim málum sem fram koma á Alþingi og fjalla um málefni innflytjenda og fagnar því að fá slík mál til umfjöllunar. Mun nefndin taka öll slík mál til umfjöllunar og eftir því sem tilefni gefst til taka undir eða koma athugasemdum um efnisatriði þeirra á framfæri við stjórnvöld.

Í ljósi þess sem fram er komið mun innflytjendaráð ekki senda menntamálanefnd umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Fyrir hönd innflytjendaráðs


Ingibjörg Bróddadóttir